# Óli á Stað GK 99

## Bókun

Mál nr.: **2026-006-S-002**

Dagsetning: **1. mars 2026**

Staðsetning: **Fyrir utan Sandgerðishöfn**

Atvik: **Vélarbilun**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

# Samantekt

Þann 1. mars 2026 tilkynnti skipstjóri Óla á Stað GK 99 til Landhelgisgæslunnar að hann kæmist ekki til hafnar undir eigin vélarafli og þarfnist aðstoðar. Skipið var þá statt 1,5 sjómílur vestur af Sandgerðishöfn. Björgunarskipið Hannes Þ Hafstein fór til aðstoðar og tók bátinn í tog inn til Sandgerðishafnar.

Veður: NV 10-15m/sek og ölduhæð um 2 metrar

# 1. Helstu staðreyndir

**Óli á Stað GK 99**

Skipaskrár. nr. 2842

Útgerð: Stakkavík ehf.

Smíðaður: Seigla Ísland, 2017

Stærð: 29,9 BT.

Mesta lengd: 14,8 m

Breidd: 5,6 m

Vél: Volvo Penta 479 kW, 2016

Fjöldi skipverja: 4




Gögn: Landhelgisgæsla Íslands

RNSA

# 2. Atvikalýsing

Þann 1. mars 2026 um kl. 21:30 lagði Óli á Stað úr Sandgerðishöfn áleiðis til veiða.

Um kl. 22:30 kom viðvörun um hita á aðalvél. Var skipið þá statt um 3,5 sjómílur vestur af Sandgerði. Hitamælir sýndi 100°C og þegar hann hafði stigið upp í 116°C var aðalvélin stöðvuð. Í ljós kom að reim, sem dreif kælivatnsdælu aðalvélarinnar, var slitin. Skipt var um hana en hún byrjaði strax að trosna og kom í ljós að hjólið á kælivatnsdælunni var skakkt. Ákveðið var að reyna að sigla til hafnar í Sandgerði en þegar komið var að innsiglingunni var lítið eftir af reiminni. Ekki var hætt á að sigla að bryggju þar sem aðalvél skipsins gæti stöðvast í innsiglingunni og skipið orðið stjórnlaust. Klukkan 23:50 var haft samband við stjórnstöð Landhelgisgæslunnar og tilkynnt að skipið væri 1,5 sml. SV af innsiglingunni að Sandgerðishöfn og kæmist ekki til hafnar fyrir eigin vélarafli. Björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein var kallað út og var komið með skipið í tog inn til hafnarinnar um kl. 00:37. Óli á Stað var kominn að bryggju í Sandgerðishöfn kl. 01:20.

## 3. Niðurstaða

Ástæða bilunarinnar var að legur í kælivatnsdælu aðalvélar skipsins gáfu sig með þeim afleiðingum að drifreim sem knúði dæluna slitnaði.

## 4. Mikilvægar ábendingar

Legur eins og annar búnaður hafa ákveðinn endingartíma. Sá tími er gefinn upp af framleiðanda. Þær þarf því að endurnýja samkvæmt þeim leiðbeiningum.

Samþykkt 18. september 2026.

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Pálmi Jónsson

Jón Finnbjörnsson

Hilmar Snorrason

Hjörtur Emilsson

F.h. Rannsóknarnefndar samgönguslysa Jón Pétursson.